



THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

LAUGAVEGI 31 • P.O.Box 107 • 121 REYKJAVÍK, ICELAND

TEL.: 55 22 720 / 56 22 555 • FAX: 55 22 721

E-MAIL: HUMANRIGHT@CENTRUM.IS

HOME PAGE: HTTP://WWW.CENTRUM.IS/HUMANRIGHTS

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 300

komudagur 6/12 1995

Reykjavík, 1. desember 1995.

Til allsherjarnefndar Alþingis

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 15. nóvember 1995 ásamt frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (74. mál, þskj. 74.). Í bréfinu er þess óskað að Mannréttindaskrifstofan veiti umsögn sína um frumvarpið. Stjórn skrifstofunnar hefur tekið málið fyrir á fundi.

Þess er fyrst að geta, að tilefni frumvarpsins er fyrirhuguð fullgilding af Íslands hálfu á samningi á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984. Þýðing á samningi þessum er fylgiskjal með frumvarpinu. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er boðað að utanríkisráðherra muni bera fram tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur rétt að vekja athygli á þeirri nauðsyn að þess sé ætíð gætt þegar Ísland fullgildir alþjóðlega samninga á sviði mannréttinda að fullt samræmi sé með ákvæðum í slíkum samningum og landslögum. Jafnframt sé hugleitt hvort ástæða sé til að lögleiða slíka samninga í heild sinni á sama hátt og gert var um Mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið (bls. 4) segir að ekki verði talið að þörf sé breytingum eða viðbótum við íslenska löggjöf að öðru leyti en því sem leiðir af 5. gr. samningsins vegna fullgildingar hans. Þessu til stuðnings er síðan með almennum hætti vísað til almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til laga um framsal sakamanna nr. 13/1984 og almennra reglna laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að pyndingar eru ekki sérstaklega gerðar refsiverðar í almennum hegningarlögum og hugtakið pyndingar er ekki notað þar. Bann við pyndingum var tekið upp í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnarskrárbreytingunni fyrr á þessu ári, en hvorki þar né annars staðar er að finna skilgreiningu á hugtakinu pyndingar. Hugtakið er hins vegar skilgreint í 1. gr. samningsins gegn pyndingum, en sú skilgreining er ekki nægileg refsheimild að íslenskum lögum, þar sem íslenskur réttur byggir á tvíeðli réttarins þannig að ákvæði í staðfestum alþjóðasamningum hafa aðeins réttarheimildargildi að landsrétti og talið er að landsréttur gangi fyrir þar sem að ákvæði hans stangast á við ákvæði í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, en hefur ekki lögleitt.

Í 15. gr. samningsins er skuldbinding þess efnis að ríkið skuli tryggja að óheimilt sé að nota viðurkenningu sem fengin er með pyndingum sem sönnunargagn fyrir dómi, en slíkt bann er ekki í íslenskum lögum og hefur Ísland sætt ámæli hjá alþjóðlegum eftirlitsaðilum á vegum Sameinuðu þjóðanna vegna þessa.

Í 14. gr. samningsins er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að tryggja rétt þess sem hefur sætt pyndingum til uppreisnar og framkvæmanlegs réttar til skaðabóta, þar með talið fyrir endurhæfingu. Áhersla er lögð á að réttur þessi sé framkvæmanlegur og hann nái til sanngjarnra og fullnægjandi bóta. Til þess að réttur teljist framkvæmanlegur þarf sá sem eftir honum leitar að eiga rétt á gjafsókn fyrir dómstólum, en slíkur réttur er ekki tryggður. Aðeins er heimilt að veita gjafsókn. Þó eru dæmi um lögbundna gjafsókn með takmörkuðum réttarsviðum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur að það orki tvímælis að sú staðhæfing standist að fullt samræmi sé með íslenskum lögum og réttarframkvæmd og ákvæðunum í alþjóðasamningnum. Því telur hún að óhjákvæmilegt sé að Alþingi láti fram fara ítarlega könnun þar sem hvert ákvæði samningsins verði borið saman við íslensk lög og réttarframkvæmd til að unnt verði að komast að rétttri niðurstöðu. Mannréttindaskrifstofan er reiðubúin að taka slíka könnun að sér, en slík könnun myndi að sjálfsögðu taka nokkurn tíma þar sem til hennar þyrfti að kosta mikilli vinnu.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur nauðsynlegt að í slíkri könnun eða í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar komi fram með nákvæmum hætti hvar sé að finna þau ákvæði í íslenskum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða í íslenskri réttar- og stjórnvaldsframkvæmd sem fullnægi þeim þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland undirgengst með fullgildingu samningsins þannig að um hvert efnisatriði í samningnum sé vísað til þess með hvaða hætti Ísland uppfylli skyldu sína.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur eins og öðrum umsagnaraðilum verið veittur skammur tími til að fjalla um mál þetta og því verður óhjákvæmilega að láta nægja að benda á það sem gera þarf í stað þess að fjalla ítarlega og efnislega um sérhvert athugunarefni, svo sem æskilegt væri, til að Alþingi væri gert kleift að taka afstöðu til þess, hvort samræmi sé milli ákvæða samningsins og íslenskrar löggjafar og framkvæmdar, en slíkt er ekki unnt nú.

Mannréttindaskrifstofan ítrekar að hún er reiðubúin að veita allsherjarnefnd frekari umsögn um efnisatriði frumvarpsins ef eftir því verður leitað og aðstæður skapaðar til þess að slíkt sé framkvæmanlegt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands


Ágúst Þór Árnason, framkvæmdastjóri